

Gos í Eyjafjallajökli - staða 1 .maí 2010 kl. 17.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: *MJR / HB / FS / SSJ / BO*

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Mílu og Múlakoti, veðurratsjá og flugi TF-SIF (10:30–11:00 GMT) og flugi með Örnnum (16:40–17:15 GMT).

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Í flugi TF-SIF kl 10:30 GMT sást gosmökkur í 4–5,4 km (13–18.000 ft) við Eyjafjallajökull. Lægri öskuský lágu suðaustur af gosstöðvum. Veðursjá í Keflavík greindi ekki gosmökk.

Stefna: Suðaustur af gosstöðvum. Merki um mökkinn greinast í 400 km fjarlægð frá gosstöðvunum á AHRR og MOIDIS gervihnattamyndum. (12:11 GMT og 13:30 GMT).

Litur: Dökkgrá öskuský sjáanleg upp í 4 km hæð. Hvítir gufustrókar rísa norður af gosstöðvum.

Gjóskufall: Dökk, grófkorna gjóska féll við Ytri Sólheima (11:00 GMT).

Eldingar: Engar (18:00 GMT).

Drunur: Drunur heyrast við Eyjafjöllin.

Athugasemd: Hvítan gufumökk leggur niður Gígjökul. Efsti hluti makkarins merkir stöðu hrauns og þeir neðri rísa upp af heitu bræðsluvatni.

Bræðsluvatn: Stöðugt rennsli er í jökulsánni vegna framrásar hrauns og bræðslu íss. Farvegur vatns er nokkuð greiðfær. Leiðni í Krossá og Steinsholtsá er há (sjá fyrri skýrslur).

Aðstæður á gosstað: Upphleðsla klepragígs heldur áfram og virðist ekkert draga úr krafti gossins m.v síðustu daga. Gígurinn er 200 m í þvermáli og nálgast yfirborð jökulsins. Hraun rennur hægt frá gígnum og fer mesta orka þess í að bræða ís. Gjá efst í jöklinum til norðurs fer stækkandi. Jökullinn er hvítur sunnan Skerja.

Órói: Svipaður og síðust átta daga.

Jarðskjálftar: Engir við Eyjafjallajökul.

GPS-aflögun: Lágréttar hreyfingar inn að miðju Eyjafjallajökuls auk lóðréttrar hliðrunar.

Kvikflæði: Engar mælingar en talið svipað og síðustu daga.

Annað: Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta stafar af gasi við Gígjökul.

Heildarmat: Virkni gossins er svipuð og síðustu átta daga. Hraun heldur áfram að skríða til norðurs og gígur hleðst upp í nyrðsta ískatlinum. Áréttað er að þrátt fyrir gjóskufall í nærsveitum, þá er krafur gossins og gjóskuframleiðsla aðeins brot af því sem átti sér stað fyrstu daga gossins (14-17 apríl). Ekkert bendir til gosloka.